

Þessu svarar dómsmálastjórnin á þá leið, að eins og það er vafalaust samkvæmt því sem fyrir er mælt í 8. grein í lögnum 21. marzmán. 1855, að verzlunarfulltrúunum ber gjald þetta af þeim dönskum skipum, sem fara frá útlöndum til Færeyja, eins hlýtur dómsmálastjórnin af ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í bréfi hëðan til utanríkisstjórnarinnar dagsettu 6. maímán. 1858<sup>1</sup>, enn sem fyr að vera á því máli, að sama sè um þau dönsk skip, sem fara úr utanríkishöfnum til Íslands.

1865.

24. júní.

**45. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir skápa handa forn-gripasafninu í Reykjavík.**

1. júlí.

Í bréfi dags. 20. febrúarmán. þ. á. hafð þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að þér 31. desembermán. 1863 og 15. desembermán. f. á. hafð, í von um samþykki stjórnarráðsins, látið borga Jóni biskupsskrifara Árnasyni og Sigurði málara Guðmundssyni í fyrra skiptið 10 rd. og í seinna skiptið 14 rd. 40sk. af fè því, sem veitt er í fjárhagslögnum fyrir þessi ár til óvissra gjalda handa Íslandi, til þess að kaupa fyrir glerskápa og fleira handa forn-gripasafni því, sem þeir hafa stofnað, og hafð þér beiðzt samþykkis stjórnarráðsins til gjalda þessara.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið, eptir því sem ástatt er, lætur útborgun þessa standa óraskaða, en framvegis má ekki greiða nein þesskonar gjöld úr ríkissjóðnum.

**46. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um kornlán af sveit.**

3. júlí.

Frá P. Böving, sýslumanni í Snæfellsnessýslu, hefir stjórnarráðinu beina leið borizt bréf; spyr hann um, hvort skoða eigi

<sup>1</sup>) Smb. Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I, 214.